

**REGLUR**  
**um breytingu á reglum Háskólans á Akureyri**  
**um viðurlög við ritstuldi, nr. 757/2006.**

1. gr.

6. gr. reglnanna orðast svo:

1. Við Háskólann á Akureyri skal starfrækt siðanefnd sem fjallar um kærur vegna meintra tilvika um ritstuld, en í nefndinni eiga sæti þrír fulltrúar úr hópi fastráðinna kennara og einn fulltrúi nemenda tilnefndur af SHA.
2. Siðanefnd starfar samkvæmt starfsreglum siðanefndar, sbr. 5.3. gr. siðareglna Háskólans á Akureyri, einnig reglna um námsmat fyrir Háskólann á Akureyri nr. 921/2018 og lögum um háskóla nr. 63/2006.

2. gr.

Reglur þessar, sem samþykktar voru af háskólaráði, eru settar með heimild í lögum nr. 85/2008 um opinbera háskóla, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

*Háskólanum á Akureyri, 25. júní 2020.*

**Eyjólfur Guðmundsson** rektor.

\_\_\_\_\_

B-deild – Útgáfud.: 12. ágúst 2020